

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Hvamms í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 21. ágúst 2019 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Fristundabyggð í Hvammsskógi neðri.*

Breytingin felur í sér niðurfellingu lóðar Hvammsskógar 25 og stækkun lóðanna Hvammsskógar 23 og 27 er nemur stærð lóðar Hvammsskógar 25. Enn fremur breytist lega byggingarreits á lóð Hvammsskógar 27.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 10. september 2019,*

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.